

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 11/1984.

Blaðamannafélag Íslands

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands

f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins

vegna Árvakurs h/f

(Þórarinn V. Þórarinsson cand.jur.),

Verkfall. Kjarasamningur. Fyrirframgreiðsla launa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 16. október 1984.

Stefnandi málsins er Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 25, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Árvakurs h/f, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

- „1. Að sú framkvæmd stjórnar Árvakurs h/f að greiða þann 1. október sl. þeim félagsmönnum stefnanda, sem samkvæmt gr. 1.3. í kjarasamningi aðila teljast fastráðnir, einungis föst laun fyrir tímabilið 1. til og með 3. október 1984, teljist brot á síðast gildandi kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984, nánar tiltekið gr. „1.3., útborgun launa“.
2. Að stefndi verði látinn greiða hæfilega sekt að mati dómsins til ríkissjóðs.
3. Krafist er greiðslu málskostnaðar að mati Félagsdóms úr hendi stefnda.“

Stefndi krefst nú sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefndi hafði í fyrstu uppi frávisunarkröfu í málinu, en féll frá henni í þinghaldi 26. nóvember 1984.

I.

Hinn 20. mars 1984 var undirritaður kjarasamningur milli Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna

Félags íslenska prentiðnaðarins. Samkvæmt 17. gr. samningsins er gildistími hans frá 1. mars 1984 til 15. apríl 1985, en heimilt er samningsaðilum að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir séu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Skyldu laun hækka um 3% 1. september 1984 og 2,9% 1. janúar 1985. Hinn 26. júlí 1984 sagði stefnandi upp launaliðum kjarasamningsins miðað við 1. september 1984, og kom umrædd áfangahækkun ekki til framkvæmda.

Árvakur h/f, sem gefur út Morgunblaðið, er aðili að Félagi íslenska prentiðnaðarins, en síðastgreint félag er eitt af aðildarfélögum Vinnuveitendasambands Íslands. Í þjónustu Árvakurs h/f starfa einkum félagsmenn þriggja stéttarféлага, þ.e. Blaðamannafélags Íslands, Félags bókagerðarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Bæði fyrrtöldu félögin sögðu upp launaliðum kjarasamningsins, en hið síðastnefnda gerði það ekki. Blaðamannafélag Íslands og Félag bókagerðarmanna lögðu hvort um sig fram kröfur um breytingar á launaliðum samninga til hækkunar. Félag íslenska prentiðnaðarins hafnaði þessum kröfum, og fór svo, að Félag bókagerðarmanna boðaði verkfall í öllum prentiðnaðarfyrirtækjum frá og með 10. september 1984. Verkfall þetta lamaði útgáfustarfsemi Árvakurs h/f og annarra dagblaða. Af þeim sökum lagðist vinna við útgáfu Morgunblaðsins af, og urðu starfsmenn Árvakurs h/f, sem ekki voru í verkfalli, verkefnalitlir eða verkefnalausir fljótlega eftir 10. september.

Hinn 26. september 1984 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands verkþann gagnvart félagsmönnum Félags bókagerðarmanna og Blaðamannafélags Íslands frá og með 4. október 1984, og kom verkþannið til framkvæmda þann dag.

Í grein 1.3. í kjarasamningnum frá 20. mars 1984 er svofellt ákvæði:

„Útborgun launa.

Laun þessi greiðast fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar. Flytjast blaðamenn og handritalesarar milli blaða, skulu þeir halda launagreiðslum sínum í samræmi við starfsaldur sinn.

Er maður hefur störf við blaðamennsku, skulu þeir fyrstu mánuðirnir teljast reynslutími. Telst hann þá fastráðinn, sé ekki um annað samið, og hefjast þá fyrirframgreiðslur launa. Verði blaðamaður ráðinn áfram, telst reynslutími til starfstíma.“

Fyrsti virkur dagur í október var mánudagurinn 1. október. Árvakur h/f greiddi fastráðnum blaðamönnum sínum þann dag aðeins laun fyrir fyrstu þrjá daga mánaðarins, það er að segja til og með 3. október 1984, en daginn eftir skyldi verkbann hefjast samkvæmt áðurgreindri boðun. Þessu hefur stefnandi ekki viljað una, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Verkbannið stóð til 22. október 1984, er Vinnuveitendasambandið aflétti því í kjölfar samnings við Félag bókargerðarmanna til að greiða fyrir samningum útgefenda og Blaðmannafélags Íslands. Degi síðar voru laun fyrir tímabilið frá 22. til 31. október greidd til blaðamanna án athugasemda eða fyrirvara af þeirra hálfu.

II.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfum sínum er þessi:

Sú framkvæmd af hálfu Árvakurs h/f að greiða blaðamönnum aðeins laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar er skýlaust brot á grein 1.3. í kjarasamningi aðila. Þar kemur fram, að greiða skuli laun fastra starfsmanna fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Það hefur verið talin meginregla innan vinnuréttarins, að launþeginn eigi ekki rétt á greiðslu, fyrr en hann hefur innt af hendi vinnuframlagið. Nú hin síðari ár hefur tíðkast, að laun séu greidd fyrirfram. Á það einkum við fasta starfsmenn, er unnið hafa a.m.k. þrjá mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda. Dæmi um slíka undantekningu er einmitt að finna í kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984. Þar kemur skýrt fram, að laun fastra starfsmanna skuli greiða fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Ekki eru sett nein frekari skilyrði fyrir því, að laun séu greidd fyrirfram, aðeins það, að starfsmenn skuli vera fastráðnir. Ekki er það gert að skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að unnið verði út mánuðinn. Ákvæði þetta er nánast skilyrðislaust. Réttur til fyrirframgreiðslu launa byggist eingöngu á þessu ákvæði. Ekki eru fyrir hendi lög eða aðrar heimildir, er bjóða, að stefndi skuli greiða laun fyrirfram. Þetta ber að hafa í huga, þegar ákvæðið er skoðað. Ef ákvæði þetta er skýrt samkvæmt orðanna hljóðan, er ljóst, að greiða á laun fyrirfram fyrsta hvers mánaðar, ef samningur er í gildi.

Hinn 1. október 1984 var í gildi kjarasamningur milli aðila. Launaliðum þess samnings hafði að vísu verið sagt upp. Það skiptir þó ekki máli, því að nefnt ákvæði tilheyrir ekki launaliðum, og þótt svo væri, þá er það almenn regla, að unnið er eftir síðastgildandi

kjarasamningi, þar til nýr kjarasamningur er gerður. Sá gamli samningur er þá sá grundvöllur, er aðilar byggja ráðningarsamband sitt og réttindi og skyldur á. Þessi almenna regla og venja er m.a. lögfest í 14. gr. laga nr. 29/1976. Þar segir, að renni kjarasamningur út fyrir uppsögn, skuli eftir honum farið, uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst. Hér er komið að kjarna málsins. Verkbann það, er boðað var hinn 26. september af stefnda, var ekki komið til framkvæmda 1. október. Þá lá einungis fyrir einföld verkbannsboðun. Réttaráhrif slíkrar boðunar á gildi kjarasamningsins eru nánast engin. Boðunin sem slík hefur ekki þau áhrif, að samningurinn falli niður. Það er ekki fyrr en til verkbanns (eða verkfalls) kemur, sem réttarsamband aðilanna fellur niður.

Ákvæðið um fyrirframgreiðslu launa er skilyrðislaust, enda vand-séð, hvernig hægt væri að setja ákveðin skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu fram í tímann. Hver ætti þá að meta, hvort slík skilyrði rættust. Það er því álit stefnanda, að ekki sé hægt að réttlæta niðurfellingu á greiðslu launa á þeirri forsendu, að boðað verkbannt kæmi væntanlega eða hugsanlega til framkvæmda 4. október, því að ekki lá fyrir, hvort verkbannt kæmi til framkvæmda, þegar ákvörðun um launagreiðslur var tekin. Vel var hugsanlegt, að til lagasetningar gæti komið, aðilar semdu eða verkbannt reyndist ólöglegt. Stefnandi bendir jafnframt á, að sú ákvörðun stefnda að greiða ekki laun fyrirfram út mánuðinn sé nýmæli í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ekki er vitað til þess, að vinnuveitendur hafi áður neitað að greiða laun til fastra starfsmanna, þótt fyrirhuguð væri vinnustöðvun af þeirra hálfu. Í verkfalli því, er kom til framkvæmda 11. október 1977 hjá opinberum starfsmönnum, hafi það verið boðað löngu fyrir útborgunardag. Engu að síður voru laun þá greidd fyrirfram. Sama er að segja um framkvæmd þessara mála í kjaradeilu bankanna og Sambands íslenskra bankamanna í desember 1980.

Stefnandi andmælir því, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi við lögskipti aðilanna í máli þessu. Sé sýknukrafa stefnda byggð á þeirri lagagrein því haldlaus. Í því sambandi vitnar stefnandi til athugasemda við frumvarp til laga nr. 16/1958 og umræðna á Alþingi um það frumvarp, en lög nr. 19/1979 hafi leyst af hólmi lög nr. 16/1958. Einnig vísar stefnandi í þessu sambandi til dóms Félagsdóms 7. ágúst 1980 í máli Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða h/f gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu m.a. eftirgreindum rökum:

Á grundvelli 3. greinar laga nr. 19/1979 var Árvakri h/f eigi skylt að greiða blaðamönnum, er starfa í hans þjónustu, laun af nokkru tagi þann tíma, sem atvinnurekstur lá niðri vegna verkfalls Félags bókagerðarmanna eða frá 10. september til og með 22. október. Í tilvitnaðri lagagrein segir efnislega, að atvinnurekanda sé eigi skylt að greiða bætur til launþega sinna, þótt vinna þeirra nemi eigi 130 klst. á mánuði, þegar vinna fellur niður af nánar tilgreindum ástæðum. Í lagagreininni sjálfri eru þau dæmi talin, ef hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu eða fyrirtæki verði fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, s.s. vegna bruna eða skipstapa. Umrætt lagaákvæði er að stofni til úr lögum nr. 16/1958, en lög nr. 19/1979 tóku við af þeim lögum. Í greinargerð með þeim lögum segir um efni 3. greinar laga 1979 (2. gr. laga nr. 16/1958): „Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t.d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkbanna.“ Ákvæði þetta er fortakslaust, og verður eigi séð, að félagsmenn Blaðamannafélags Íslands séu með nokkrum hætti undanþegnir þessu tiltekna ákvæði laga nr. 19/1979, þó að heiti laganna sé „Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla“. Launagreiðslu Árvakurs h/f til handa félagsmönnum Blaðamannafélags Íslands, er starfa í hans þjónustu, virðast því vera umfram skyldu hvað varðar tímabilið frá 10. september til 22. október 1984, en á þeim tíma lá atvinnurekstur hans óumdeilanlega niðri. Ætti málsástæða þessi ein sér að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Verði ekki fallist á fyrrgreinda málsástæðu, telur stefndi, að reyni á skilning á því ákvæði kjarasamnings aðila frá 20. mars 1984, þar sem segir: „Laun þessi greiðast fyrirfram 1. virkan dag hvers mánadag.“

Við skýringu þessa ákvæðis telur stefndi, að hafa verði tvennt í huga. Hið fyrra er, að laun eru endurgjald vinnuveitanda fyrir vinnuframlag starfsmanns, í öðru lagi, að fyrirframgreiðsla endurgjalds þessa er undantekning frá þeim meginreglum, sem almennt

gilda á vinnumarkaði. Af þessu leiðir, að ákvæði samningsins um fyrirframgreiðslu verður að túlka þröngt á þann veg, að fyrirframgreiðslu verði einungis krafist til þess tíma, er með sæmilegri vissu verður talinn starfstími launþega. Liggi t.d. fyrir, að launþegi muni hætta störfum 15. dag mánaðar, er óumdeilt, að hann á ekki kröfu á fyrirframgreiðslu launa út allan mánuðinn. Sama gildir eðlilega, ef fyrir liggur á gjalddaga launa, að launþegi muni ekki vinna frá tilteknum degi vegna löglegra þvingunaraðgerða í vinnudeilu, hvort heldur um er að tefla verkfall eða verkbann. Við þessar aðstæður verður ekki talið, að launþegi eigi kröfu til fyrirframgreiðslu launa fyrir tíma, sem yfirgnæfandi líkur eru á, að hann muni ekki vinna. Í þessu sambandi er og til þess að líta, að megináhrif verkfalla og verkþanna eru þau, að skylda til greiðslu og endurgjalds fellur niður frá og með þeim tíma, er verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda.

Stefndi bendir á, að samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem gilda um verkföll og verkbönn í II. kafla laganna um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938, sé það megináhrif, að fullkomin gagnkvæmni skuli ríkja í réttindum og skyldum launþega og atvinnurekanda. Sú niðurstaða, að atvinnurekanda teldist skylt, að greiða starfsmönnum sínum laun í verkfalli eða verkbanni á grundvelli ákvæða kjarasamnings um fyrirframgreiðslu launa, væri í hróplegu ósamræmi við þessa meginreglu íslensks vinnuréttar.

Stefndi telur, að af hálfu stefnanda sé réttilega lögð á það áhersla, að fyrirframgreiðsla launa sé undantekning frá meginreglu á almennum vinnumarkaði. Þessa undantekningu verði því að túlka þröngt og hafa þar til hliðsjónar ætlaðan vilja aðila, er undir þetta greiðsluform gengust. Megi ljóst vera, að með samningsákvæði þessu hafi af hálfu vinnuveitenda ekki verið ætlast til að tryggja blaðamönnum laun í vinnudeilum, og sé ekkert í málinu, sem fært geti rök að því. Þá er því sérstaklega mótmælt, að ákvörðun fjármálaráðuneytisins í verkfalli opinberra starfsmanna 1977 um útborgun fyrirframgreiddra launa hafi þýðingu í þessu máli

IV.

Fallast ber á það með stefnda, að 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla eigi ekki við um lögskipti aðilanna, sbr. dóm Félagsdóms 7. ágúst 1980 í málinu nr. 2/1980: Vinnuveitenda-

samband Íslands vegna Flugleiða h/f gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir. Á því launþegi, sem er í verkfalli, ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem verkfallið stendur.

Sama regla gildir um verkbann, sem atvinnurekandi leggur á starfsmenn sína, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkbanni.

Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um, hvort til verkbanns kæmi, að stefnda væri skylt að greiða fyrirfram föst laun fyrir októbermánuð.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfum stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Árvakurs h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Blaðamannafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Árna Guðjónssonar.

Ég er sammála meirihluta dómenda um það, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi ekki við í lögskiptum málsaðilanna.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 var gr. 1.3., sem mælir fyrir um fyrirframgreiðslu launa fastra starfsmanna, í fullu gildi, og er það óumdeilt í málinu.

Telja verður, að stefndi hafi ekki nægilega sýnt fram á, að honum hafi einhliða verið heimilt að víkja frá þessu fortakslausa samningsákvæði, og ber því að leggja þetta ákvæði til grundvallar í samskiptum aðilanna.

Er þá einnig við það miðað, að fara ber eftir ákvæðum síðastgildandi kjarasamnings, þar til verkþann (verkfall) hefst í reynd.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka beri til greina kröfur stefnanda að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og atvikum er háttað, að gera stefnda fésekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 12/1984. **Blaðamannafélag Íslands**

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

Nútímanum h/f

(Eiríkur Tómasson hrl.).

Verkfall. Kjarasamningur. Fyrirframgreiðsla launa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 16. október 1984.

Stefnandi málsins er Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 25, Reykjavík.

Stefndi er Nútíminn h/f, Síðumúla 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

- „1. Að sú framkvæmd stjórnar Nútímans h/f að greiða þann 1. október sl. þeim félagsmönnum stefnanda, sem samkvæmt gr. 1.3. í kjarasamningi aðila teljast fastráðnir, einungis föst laun